



Gashitun húsa

Leiðbeiningar Almannaþingarinnar (aðeins breytt)

Fyrir þá íbúa sem hyggjast nota gashitara til að hita upp húsin sín á meðan ástandið varir er gott að hafa eftirfarandi þætti í huga:

- Huga þarf að loftskiptum** í rýminu, ef rýmið er mjög loftþétt þá geta safnast upp skaðlegar lofttegundir. Hægt er að huga að loftskiptum með því að loka ekki hurðum í litlum rýmum og jafnvel loftræsta með viftu. Athugið að sumir gashitarar eru ekki ætlaði til notkunar innanhúss.
- Við notkun á gashitunartæki getur myndast **kolmónoxíð (CO)**. Kolmónoxíð getur verið lífshættulegt ef ekki er brugðist við í tíma og kolmonoxíð er lyktarlaus, litlaus lofttegund.
- Einkenni kolmónoxíðseitrunar** eru: Höfuðverkur, svimi, ógleði og rugl eða doði. Ef fólk finnur fyrir einhverjum af þessum einkennum skal það loftræsta svæðið strax og fara í ferskt loft.
- Setja ætti upp gasskynjara** í rýmum þar sem fólk hefst við, gas er þyngra en loft, þess vegna skal staðsetja gasskynjara niður við gólf. Athugið að gasskynjarar eru sérhæfður búnaður og sérstakan mæli þarf til að mæla kolmónoxíð.
- Ekki ætti að sofa með gashitara í gangi**. Setjið gaskút utandyra áður en farið er að sofa.
- Ekki yfirgefa rými** þar sem verið er að kynda með gasi. Gott er að kynda í stuttum törnum.
- Gas lyktar stundum illa** eins og úldið egg, ef þú finnur slíka lykt skaltu loka fyrir gasið strax. Í kjölfarið er mikilvægt að fara yfir tengingar til að athuga hvort allar þéttingar séu til staðar. Athugið þó gas geti lyktað illa er lofttegundin kolmónoxíð lyktarlaus.
- Örugg notkun**, með því að nota hitunartækið eins og framleiðandi gerir ráð fyrir, og gæta þess að gaskúturinn/hylkið standi upprétt. Ef gaskúturinn leggst á hliðina breytist gasið í vökva og við það myndast eldstungur.
- Gættu að því að ekkert eldfimt sé nálægt** hitaranum t.d. nælonefni, blöð, gardínur, gashylki o.s.frv.
- Ekki láta börn eða dýr vera eftirlitslaus í kringum gashitara. Börn geta brennt sig og velt hitaranum um koll.
- Munum eftir öðrum valkostum** til upphitunar svo sem að nota teppi, klæða sig í hlý föt þ.m.t. ullarsokka og húfu. Draga gluggatjöld fyrir glugga til að halda hita inni.